

1248. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 25. apríl 2023, kl. 12:00 í fjarfundi.

Mætt á fjarfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Fríða Thoroddsen og Jónas Yngvi Ásgrímsson.

Næsti fundur: 11. maí 2023.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn en til þessa aukafundur stjórnar var boðað til að ræða tillögur að ályktunum stjórnar VR fyrir næsta þing ASÍ, sbr. ákvörðun fundar stjórnarinnar þann 19. apríl 2023.

Ólafur Reimar Gunnarsson mætir kl. 12:10.

Ævar Þór Magnússon mætir kl. 12:15.

1. Tillögur að ályktunum fyrir þing ASÍ

Ragnar Þór skýrði frá því að skömmu fyrir fund hafi borist hugmyndir að breytingum á tillögum sem Halla Gunnarsdóttir kynnti á síðasta fundi stjórnar þann 19. apríl sl. og var tillögunum með breytingum varpað á skjáinn. Bjarni Þór Sigurðsson sendi inn hugmyndirnar að breytingum og fylgdi þeim úr hlaði.

Umræður.

Í umræðum kom fram að Selma Björk Grétarsdóttir hafi einnig sent hugmyndir að orðalagsbreytingum sem hafi ekki skilað sér. Þær verða teknar inn í endanlegt skjal.

Ragnar Þór bar síðan tillögurnar, með samþykktum breytingum, upp og óskaði eftir því að þau sem væru andvíg gæfu merki.

Engin andstaða kom fram og teljast tillögurnar samþykktar.

Tillögurnar í endanlegri mynd eru birtar á næstu síðu.

Drög að ályktun 45. þings ASÍ um stöðuna í efnahags- og kjaramálum

45. þing Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahagsmála á Íslandi og aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar. Ítrekaðar stýrivaxtahækkanir Seðlabankans hafa ekki borið árangur til að takast á við verðbólguna en hafa hins vegar gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir vinnandi fólk sem býr við dýrtíð og hækkandi húsnæðiskostnað. Ríkisstjórnin hefur látið Seðlabankann einan um verðbólguna og í nýrri fjármálaáætlun er ekki að finna neinar aðgerðir til að koma til móts við hækkandi afborganir lána né að ráðast að verðbólgunni strax. Atvinnurekendur og opinberir aðilar, svo sem sveitarfélög og ríkisstofnanir, hafa hvergi gefið eftir í verð- og gjaldskrárhækkunum og fákeppni á sviði dagvöru, eldsneytis, trygginga og annarra nauðsynja leiðir til gróða fjármagnsaflanna á kostnað almennings.

Ástandið á húsnæðismarkaði er mjög alvarlegt. Leiga hefur snarhækkað, lántakendur verðtryggðra lána hafa enn á ný horft upp á lán sín vaxa og lántakendur óverðtryggðra lána þurft að greiða hærri vexti um hver mánaðamót. Á næstu mánuðum mun fjöldi fólks þurfa að fjármagna húsnæði sitt að nýju þegar tímabili fastra vaxta lýkur. Ef ekkert verður að gert er hætt við að afleiðingar geti orðið í líkingu við það sem átti sér stað í efnahagshruninu árið 2008. Ávinningur síðustu kjarasamninga er nánast uppurinn og setur, að óbreyttu, verkalýðshreyfinguna í þá stöðu að þurfa að krefjast gríðarlegra launahækkana til að mæta þeim miklu byrðum sem launafólki er gert að bera vegna ástandsins sem það stofnaði ekki til.

Þing ASÍ krefst þess að atvinnurekendur og stjórnvöld taki höndum saman við verkalýðshreyfinguna við komandi kjarasamninga til að finna leiðir út úr þessum ógöngum til hagsbóta fyrir launafólk og almenning. Þing ASÍ hafnar alfarið þeirri nálgun að láta launafólk, leigjendur og skuldara ein bera byrðarnar.

Stjórnvöld þurfa að sýna að þeim sé alvara í að taka á húsnæðisvanda þjóðarinnar. Seðlabankinn verður að bera ábyrgð á mistökum sínum og nota fleiri varúðartæki en stýrivexti eina til að lækka verðbólguna. Taka þarf verðlagstakmarkanir alvarlega til skoðunar og nýta skattkerfið til að velta byrðunum af baki þeirra sem ellegar munu sligast undan þeim og yfir á þá sem geta borið þær. Hér má nefna auðlindagjöld á útgerðina og bankaskatt. Aðgerðarleysi er ekki valkostur við þessar aðstæður.

Drög að ályktun 45. þings ASÍ um innri málefni ASÍ

Við þær aðstæður sem uppi eru í efnahagsmálum er mikilvægt að verkalýðshreyfingin snúi bökum saman. Þing ASÍ hvetur formenn allra aðildarfélaganna innan ASÍ til að leggja innri átök til hliðar og beina kröftunum alfarið að því að styrkja sameiginlegan málefna grundvöll í komandi kjarasamningum. Þing ASÍ telur mikilvægt að samninganefnd ASÍ verði virkjuð og að hún leiði viðræður í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Fulltrúum innan samninganefndarinnar verði fjölgað með það að markmiði að breikka aðkomu að nefndinni, skapa sátt um störf hennar og tryggja að kynjahlutföll verði jafnari. Þing ASÍ fer fram á að kjörnir fulltrúar hreyfingarinnar finni leiðir til samstarfs, virði sjónarmið og skoðanir hvers annars og dragi úr gífuryrðum. Þegar ágreiningur er uppi sé notast við lýðræðislega ákvörðunartökuferla hreyfingarinnar og unnið með þá niðurstöðu sem næst hverju sinni. ASÍ ber ríka ábyrgð gagnvart félagsfólki aðildarfélaganna sambandsins og samfélaginu í heild sinni. Undir þeirri ábyrgð ætlum við að standa.

Ragnar Þór sagði frá því að hann hefði fundað með frambjóðendum til forseta ASÍ og tveggja varaforseta, Finnboga Hermannssyni, Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni og Vilhjálmi Birgissyni, til að ræða þá afstöðu stjórnar VR, sem fram kom á síðasta fundi, að verslunarmenn fái embætti 1. varaforseta ASÍ. Hann hafi fært rök fyrir þeirri afstöðu og hafi verið fallist á það. Ragnar Þór mun senda erindi til uppstillingarnefndar þingsins þess efnis að verslunarmenn bjóði fram til 1. varaforseta.

Umræður.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 12:50.